

Um þetta efni skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, að kunngjöra Hjaltalín jústizráði, að greindur konungsúrskurður eigi veiti heimild fyrir útborgun þeirri, er hann krefst, með því úrskurðurinn aðeins leyfir, að þeir 200 rd., sem þar er um rætt, séu árlega greiddir úr jafnaðarsjóði hvers amts til kennslu handa aðstoðarlæknum, og ber þess um leið að geta, að þarsem alþingi árið 1863 fór þess á leit, að verja megi eptirleiðis þessum 200 rd. til eflingar læknakennslunni hjá landlækni, þá sýnir þetta atvik nógsamlega, að alþingi álitur, að ekki sé nú þegar heimild til að verja fænu á þenna hátt.

1864.  
21. júlí.

**69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launaviðbót handa yfirsetukonu í Vestmannaeyjum.**

27. júlí.

Með bréfi 31. maím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Vestmannaeyjum, um að Solveigu Markússen, yfirsetukonu þar í eyjunum, verði veitt slík launaviðbót, að laun hennar verði 50—60 rd. á ári, en hún hafi lýst því yfir, að hún segi af sér sýslan sinni nema laun hennar verði hækkuð. Eptir að þér hafið fengið álit landlæknisins, Hjaltalíns jústizráðs, um málið, hafið þér lagt það til, að yfirsetukonu þessari verði veittir hêrumbil 40 rd. á ári í viðbót við laun þau, er hún nú hefir, en það eru 30 rd.; ætti viðbót þessi að yðar álitu að borgast á sama hátt og launin, það er af spítalahlutum þeim, er til falla á eyjunum af fugla veiði og fiska, samkvæmt opnu bréfi 24. marzm. 1863.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að eins og launaviðbót þessi ekki verður útveguð úr ríkissjóðnum, þannig þykir stjórnarráðinu, þegar það lítur á umræður þær, er fram fóru á alþingi árið 1861 um laun yfirsetukonu þeirrar, sem hêr er um rætt, eigi heldur



1864. hlýða að fallast á tillögur yðar, herra stiptamtmaður, um að fê  
27. júlí. þetta verði greitt úr lækna sjóðnum.

4. ágúst. **70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir  
nordur- og austurumdæminu, um lyfjasölu á Akureyri.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 28. d. aprílm. þ. á. skýrt frá, að Jóhann Thórarensen lyfsali á Akureyri ætli, frá 14. d. septembermán. í haust, að hætta við lyfjasöluna þar í kaupstaðnum, og lýst yfir álti yðar um, hverjar ráðstafanir til-tækilegast muni að gjöra í þessu efni. Eptir að stjórnarráðið hafði meðtekið þetta bréf yðar og var farið að skrifast á um málið við hið konunglega heilbrigðisráð, skýrði ofangreindur Thórarensen lyfsali dómsmálastjórninni frá, að hann væri búinn að semja um það við Emil Möller, cand. pharm., er að undan-förnu hefir veitt forstöðu lyfjabúðinni í Stykkishólmi, að hann taki við lyfjabúðinni á Akureyri af sèr og haldi þar áfram lyfja-sölunni, svo framarlega sem erindsreki sinn hær í borginni ekki þegar verði búinn að selja lyfjabúðina öðrum fullgildum lyfsölu-manni, áður en hann geti tálmað því.

Um þetta efni skal skorað á yður, herra amtmaður, að kunngjöra Thórarensen lyfsala, að dómsmálastjórnin ekkert hefir á móti því, að hann ráðstafi lyfjabúðinni á Akureyri á þann hátt, sem að ofan er um rætt, en þó verður sá, er tekur að sèr lyfjabúðina, að vera sèr úti um að fá konunglegt leyfisbréf til að hafa lyfjasölu, og skal því í þessu tilliti við bætt, að einkaleyfi það, sem Thórarensen fékk 23. desemberm. 1857 til að hafa lyfjabúd þá, sem hær er um rætt, verður eptir atvikum málsins aðeins að áltast sem veitt honum einum fyrir sig (*personligt Privilegium*).